

**159. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
8. júní 2020 og hófst hann kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolffson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfisviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2005292 - Kirkjubraut 53 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn um lóðarleigusamning.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að lóðaleigusamningur sem rann út 1978 fyrir lóð nr. 53 við Kirkjubraut, verði endurnýjaður til ársins 2028.

2. 2006099 - Vogabraut 3 - stækkun á lóð umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um heimild til að stækka byggingarreit, vegna stækkunar bílgeymslu.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið.

3. 1905072 - Umferðaröryggisáætlun

Jón Ólafsson verkefnastjóri fór yfir framkvæmdarverkefni er tengjast umferðaröryggismálum á Akranesi.

Jón verkefnastjóri fór yfir aðgerðir sem verið er að gera í umferðaröryggisáætlun.

4. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar

Sindri Birgisson, umhverfisstjóri, situr fundinn undir þessum lið.

Farið er yfir stöðu Umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar.

Skipulags- og umhverfisráð vill beina því til öldungaráðs, ungmennaráðs og starfshóps um heilsueflandi samfélags að skila inn umsögnum við umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar. Verði umsagnir ekki komnar fyrir 30. júní n.k. verður lítið svo á að ekki sé gerð athugasemd/ábending við núverandi drög að stefnunni.

5. 2004096 - Áhættumat fyrir Langasand

EFLA gerði áhættumat fyrir Langasand að beiðni Akraneskaupstaðar.

Sindri Birgisson, umhverfisstjóri fór yfir áhættumat fyrir Langasand. Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að frekari útfærslu að áhættumati.

6. 2006101 - Græn svæði 2020

Sindri Birgisson, umhverfisstjóri fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á grænum svæðum.

Sindri Birgisson vék að fundi eftir þennan dagskrárlið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:15.

Ragnar Samundsson

Guðrún Jón. Jóhannsdóttir

Ólafur Þorvaldsson

Sig. Þ. Þ.

Stefan Þ. Steindsson

Rafnir Sigurpórsdóttir.